

Staðfesting konungs *ad mandatum á skipulagsskrá fyrir ekknasjóð* **48**
drukknáðra manna í Borgarfjarðarsýslu. 5. desbr.

Vjer, Christian hinn níundi, af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg

gjörum kunnugt: að með því að allra þegnsamlegast hefur verið sótt og beðið um allrahæstu staðfesting Vora á skipulagsskrá fyrir »ekkna-sjóð drukknáðra manna í Borgarfjarðarsýslu,« er stofnaður hefur verið með frjálsum samskotum, en skipulagsskrá þessi er í frumriti hept hjer við, þá höfum Vjer allramildilegast staðfest nefnda skipulagsskrá, sem ráðgjafi Vor fyrir Ísland geymir samhljóða og sannað eptirrit af, eins og Vjer og hjer með staðfestum hana.

Vjer bönnum öllum og hverjum einstökum að tálma því, sem að fram-an er skráð.

Ritað í aðsetursborg Vorri Kaupmannahöfn, hinn 5. dag desemberm. 1891.

Til staðfestu Vort konungs-innsigli

(L. S.)

Samkvæmt allramildilegastri skipan Hans Hátignar konungsins.

J. Nellemann.

Skipulagsskrá

fyrir ekknasjóð drukknáðra manna í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Tilgangur þessa sjóðs er að styrkja þurfandi ekkjur eptir drukknáða menn í Borgarfjarðarsýslu, hvort sem þeir drukkná í sjó eða vatni, innan sýslu eða utan. Fyrir því skal hann heita: *Ekknasjóður drukknáðra manna í Borgarfjarðarsýslu.*

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjálsar gjafir og árlegir vextir af höfuðstól, sem nú var orðin við síðasta nýjár kr. 2195.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu — nú í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu — presturinn til Garða á Akranesi, hreppstjórnarnir í Akraneshreppum og valinkunnur maður úr sýslunni, sem sýslumaður tilnefni. Stjórn sjóðsins kys úr sínum flokki formann og fjehirði, og getur falið einum og sjerhverjum aðrar framkvæmdir í þarfir hans.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal eiga fund einu sinni á ári, svo snemma á árinu, sem því verður við komið, til þess að gjöra reikning yfir fjárhag sjóðsins á hinu umliðna ári, til þess að útbýta þremur hinum verðugustu ekkjum í sýslunni ársvöxtum af höfuðstóli sjóðsins, og gjöra aðrar þær ráðstafanir viðvikjandi fjárhag hans, er nauðsyn kann til að bera.

48

5. gr.

5. desbr.

Hinn árlegi fjárhagsreikningur skal að loknum ársfundi sendur landshöfðingja.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hann veðtryggður á þann hátt, er fyrirskipaður er um ómyndugra fje, eða settur á vöxtu gegn annari tryggingu, er landshöfðingi telur jafnörugga.

7. gr.

Til þess að geta orðið styrks aðnjótandi útheimtist að ekkjan beiðist sjálf styrks, og að hún sje sparsöm og ráðvönd, hafi börn fram að færa, eitt eða fleiri, og fari vel með þau til sálar og líkama.

8. gr.

Styrkur sá, sem hver ekkja hlýtur, má ekki vera minni en 25 krónur, og ekki meiri en 100 krónur, þó að vextir sjóðsins kunni að leyfa það, en verði þeir nokkurn tíma 200 krónur, þá skulu fjórar ekkjur verða teknar til greina o. s. frv. Veita má sömu ekkju styrk hvert ár eptir annað. Ekki er móðurlausum börnum ætlaður styrkur, þó að faðir drukkní; þó má gjöra það, ef verðugar, þurfandi ekkjur eru eigi til. Að jöfnum verðleikum og kringumstæðum skulu ekkjur í Akraneshreppum ætíð ganga fyrir öðrum.

Guðrúnarkoti, 17. ágúst 1891.

Hallgr. Jónsson.

49

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Örum & Wulffs 1891.

	Tekjur:	Kr. Aur.
1. Eign sjóðsins 1. jan. 1891:		
a. Innritunarskírteini A. fol. 92	Kr. 4000,00	
b. Í peningum	— 44,95	4044 95
2. Leigur af innritunarskírteini A. fol. 92 frá ¹¹ / ₆ —90 til ¹¹ / ₆ —91		140 00
		<u>4184 95</u>
	Gjöld:	
1. Styrkur veittur Pjetri Stefánssyni á Eyðum (fylgiskjal 1.)		150 00
2. Í sjóði við árslok 1891:		
a. Innritunarskírteini A. fol. 92	Kr. 4000,00	
b. Í peningum	— 34,95	4034 95
		<u>4184 95</u>

Íslands norður- og austuramt, Akureyri, 11. jan. 1892. Húsavík, 8. febr. 1892.

J. Havsteen.

P. Guðjohnsen.